

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 935 (27.2.2020) - Frá sveitarstjóra, beiðni um viðauka, fargjöld í öllum deildum

Málsnúmer : 202002079
Málsaðili : Dalvíkurbyggð
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 27.02.2020

Inngangur : Með fundarboði fylgdi beiðni frá sveitarstjóra um viðauka vegna fargjalda í fjárhagsáætlun 2020. Samkvæmt upplýsingum frá aðalbókara keyrðist liðurinn fargjöld, í öllum deildum, ekki inn í áætlunarlíkan úr vinnubókum við gerð fjárhagsáætlunar 2020 vegna kerfisvillu, alls 3.159.000 kr.

Því er óskað eftir viðauka við fjárhagsáætlun 2020 vegna fargjalda, alls 3.159.000 kr. deilist á 22 málaflokka, gjaldaliður 4210, fargjöld.

Óskað er eftir að mæta þessari leiðréttingu með lækkun á handbæru fé.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum viðauka við fjárhagsáætlun 2020 vegna fargjalda, alls 3.159.000 kr. deilist á 22 málaflokka, gjaldaliður 4210, fargjöld og að viðaukanum verði með lækkun á handbæru fé. Vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.